

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 4. mars 2021 í máli nr. 143/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 30. nóvember 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að kaupum á gleri af varnaraðila verði rift þar sem dráttur hafi orðið á afhendingu. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 30. nóvember 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 3. desember 2020. Sóknaraðili sendi nefndinni athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 4. desember 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara, og athugasemda sóknaraðila, beiðni sóknaraðila um tilboð í gler frá varnaraðila, tilboð varnaraðila, staðfesting á greiðslu sóknaraðila, upplýsingar um mál og fjölda glerja sem sóknaraðili pantaði hjá varnaraðila, svo og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með bréfi, dags. 12. janúar 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili pantaði sérsníðað gler af varnaraðila þann 2. október 2020 fyrir 160.610 krónur. Glerið átti að verða afhent þremur vikum síðar samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni varnaraðila fyrir kaupin. Þann 16. nóvember 2020 barst sóknaraðila tilkynning frá varnaraðila um að pöntuninni seinki og að áætlað sé að hún muni berast um 9. til 11. desember. Sóknaraðili hafði í kjölfarið samband við varnaraðila og krafðist þess að kaupnum verði rift vegna afhendingardráttar. Í svari varnaraðila sama dag var tekið fram að tölvupósturinn hafi verið sendur frá lager fyrirtækisins en öll gler séu hins vegar tilbúin til afhendingar að undanskildu einu gleri sem átti að vera tilbúið til afhendingar um 9. til 11. desember 2020.

Sóknaraðili krafðist þess að kaupnum yrði rift vegna afhendingardráttar þann 16. nóvember 2020. Krefst sóknaraðili endurgreiðslu kaupverðsins ásamt dráttarvöxtum frá 2. október árið 2020 til greiðsludags. Varnaraðili hefur hafnað þeirri kröfu sóknaraðila.

### 3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að forsendur kaupanna hafi verið að glerið yrði afhent ekki síðar en þremur vikum frá pöntun, vegna veðurfars sem geri útskiptin erfið. Varnaraðili hafi ekki gert neinn fyrirvara við afhendingartímann. Glerið átti að vera afhent þann 23. október 2020 eða í viku 43. Sóknaraðili kveðst hafa fengið þær upplýsingar þann 30. október 2020 að seinkun yrði á afhendingu en varnaraðili hafi þó lofað flýtimeðferð á afgreiðslunni og heimkeyrslu á glerinu, sóknaraðila að kostnaðarlausu í viku 45. Sóknaraðili kveðst hafa samþykkt það þar sem honum hafi verið veittar þær upplýsingar að glerið væri komið til landsins og aðeins ætti eftir að sækja það úr gámi. Síðar, þann 16. nóvember 2020 eða í viku 46, hafi sóknaraðili fengið tilkynningu um að glerið yrði ekki tilbúið til afhendingar í heild fyrr en í desember. Kveðst sóknaraðili ekki hafa talið sig geta tekið við glerinu þar sem ekki væri unnt að koma því upp í fasteign sóknaraðila fyrr en um vorið. Krafðist sóknaraðili því riftunar á kaupunum og endurgreiðslu kaupverðsins.

### 3.2. Andsvör varnaraðila

Í andsvörum sínum tekur varnaraðili fram að glerið hafi verið pantað þann 2. október 2020 og áætluð afhending verið þremur vikum frá pöntun. Eitt glerið hafi hins vegar þarfnast sérvinnslu og framleiðslutími þess verið lengri en á hefðbundnu einangrunargleri. Starfsmaður varnaraðila hafi ekki gert sér grein fyrir því og láðist að láta sóknaraðila vita af því. Sökum útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins hafi orðið tafir á afhendingu innfluttra vara auk þess sem faraldurinn hafi orsakað hráefnisskort á gleri í Evrópu. Hafi því ekki verið á valdi varnaraðila að koma í veg fyrir slíkar aðstæður. Öll gler, fyrir utan þetta eina gler sem þarfnaðist sérvinnslu, hafi þó verið tilbúin til afhendingar, ásamt skaðabótum sem fólst í fríum flutningi glersins til sóknaraðila, þann 17. nóvember 2020.

Varnaraðili tekur fram að um sérpöntun sé að ræða sem nýtist engum öðrum en sóknaraðila. Telur varnaraðili sér ekki fært að fallast á kröfu sóknaraðila um riftun kaupanna.

## IV

### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili pantaði gler í fasteign sína samkvæmt mælingum þann 2. október 2020 og greiddi 160.610 krónur fyrir. Starfsmaður varnaraðila veitti sóknaraðila þær upplýsingar fyrir kaupin að „[a]fhendingartíminn er 3 vikur“. Glerið átti því að vera tilbúið til afhendingar þann 23. október 2020. Þann 16. nóvember 2020 krafðist sóknaraðili þess að kaupunum verði rift í kjölfar tilkynningar sem sóknaraðila barst frá varnaraðila um að pöntuninni seinki og ætlað sé að hún berist um 9. til 11. desember 2020.

Af gögnum málsins verður ráðið að allt glerið hafi verið tilbúið til afhendingar þann 16. nóvember 2020, eða sex vikum og þremur dögum frá pöntun, að undanskildu einu gleri sem átti að verða tilbúið til afhendingar í desember.

Fjallað er um úrræði neytanda vegna afhendingardráttar seljanda í V. kafla laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. nkpl. getur neytandi gripið til eftirfarandi vanefndarúrræða ef hlutur er ekki afhentur eða er afhentur of seint: að halda eftir greiðslu kaupverðs, krefjast efnda, krefjast riftunar eða krefjast skaðabóta. Sóknaraðili krefst þess að kaupunum verði rift. Ákvæði 23. gr. nkpl. fjallar um möguleika neytanda á að rifta kaupum vegna afhendingardráttar seljanda og er svohljóðandi:

*Hafi seljandi ekki afhent hlut á þeim tíma sem seljandi og neytandi gerðu samkomulag um eða innan tímamarka skv. 1. mgr. 6. gr., skal neytandi fara þess á leit við seljanda að hann afhendi hlutinn innan viðbótarfrests. Nú afhendir seljandi ekki hlutinn innan viðbótarfrests og getur neytandi þá rift kaupum.*

*Ákvæði 1. mgr. gildir ekki ef seljandi hefur neitað að afhenda hlut eða ef afhending hlutarins innan umsamins frests er nauðsynleg forsenda samningsgerðar með tilliti til allra aðstæðna eða ef neytandi upplýsir seljanda um áður en gengið er frá samningi að nauðsynlegt sé að afhenda hlut á tilteknum degi eða fyrir þann dag. Í slíkum tilvikum, ef seljandi afhendir ekki hlutinn á þeim tíma sem samið var um við neytanda eða innan tímamarka sem tilgreind eru í 1. mgr., skal neytandinn eiga rétt á að rifta samningi þegar í stað.*

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sóknaraðili hafi veitt varnaraðila viðbótarfrest til afhendingar svo réttlæti riftun vegna vanefnda á afhendingu innan viðbótarfrestsins í skilningi 1. mgr. 23. gr. nkpl. Þá verður ekki séð að sóknaraðili hafi tilgreint afhendingu innan þriggja vikna sem forsendur fyrir kaupunum svo réttlæti riftun í skilningi 2. mgr. 23. gr. nkpl. Skilyrði þess að kaupunum verði rift vegna afhendingardráttar varnaraðila eru því ekki uppfyllt í málinu. Sóknaraðili gerði einungis kröfu um riftun kaupanna og verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

## V

### Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson